

GJALDSKRÁ

Veitustofnunar Seltjarnarness, heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Veitustofnun Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237/ 2011.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir heitt vatn á veitusvæðum Veitustofnunar Seltjarnarness.

Í ríkissjóð skal greiða sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Innheimta skattsins er miðuð við áætlaða sölu. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, 7% af vatni til húshitunar og laugarvatns, en 25,5% til annarra nota.

2. gr.

Veitustofnun Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Veitustofnun Seltjarnarness lætur setja rennslismæla við hvert upphitunarkerfi og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við mælda rúmmetra vatns.

Veitustofnun Seltjarnarness lætur húseigendum í té aukamæli, ef þess er óskað.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk	Grunnur
Einingaverð	Sala í þéttbýli	65	1,3	70,94	kr./m ³

Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk	Grunnur
Fast verð	A: 15 mm og stærri	16,41	0,328	17,914	kr./dag

Fast gjald er hluti af almennum taxta og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er óháð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

4. gr.

Hitaveitugjöld verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánastofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

5. gr.

Heimæðagjald Veitustofnunar Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð		
0-300 m ³ (innifalið)	Kr.	161.904
300-1000 m ³	Kr./m ³	194
1000 m ³	Kr./m ³	130
1 rennslismælir á grind	Kr.	48.216

6. gr.

Gjöld skv. 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er veitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af heitu vatni til annars en til húshitunar, og er þá Veitustofnun Seltjarnarness heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Veitustofnun Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1.100 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Veitustofnunar Seltjarnarness skal hvenær sem er fjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlun hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af veitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt reglugerð fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237 4. mars 2011 og orku-lögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2012 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness nr. 229 1. mars 2004 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2011.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.